

Opið bréf / áskorun til Samgöngustofu annars vegar og Vegagerðarinnar & annarra veghaldara hins vegar (einkum Reykjavíkurborgar og Kópavogsbæjar) um betri merkingar fyrir bílstjóra um hjóltreiddumferð:

Ég hef áður póstað

<https://www.facebook.com/groups/355308403124/posts/10165495371223125/>

áskorun að nota skilti „826.1 Umferð hjólandi vegfarenda úr báðum áttum“ sem víðast á álagsblettum. Mig langar til að útvíkka þá áskorun til 5 tegunda skilta & merkinga (6. atriðið er svo í bónus fyrir þau sem lesa alla leið til enda) sem þyrfti að nota sem víðast, en helst á vel þekktum mjög hættulegum álagsblettum: *Hjólandi frá báðum áttum, punktalínur og þríhyrningar yfir þveranir, varúð í beygju því það eru stígar meðfram götu, áminning um 1,5 metra reglu*, og loks um *hjólagötur*. Þetta nær yfir allt litrófið frá því að nýta sér merkingar sem þegar eru í lögum og reglugerðum, yfir í það að láta setja í lög og reglugerðir skilti sem þegar er verið að nota.

Hjólandi frá báðum áttum (mynd nr. 1): Þetta er endurtekið efni og einfaldast því þetta skilti er þegar í núverandi reglugerð um umferðarmerki. Sjá mynd nr. 1 sem er að hluta til raunveruleg mynd frá Fiskislóð með þessu skilti viðbættu. Kópavogsbær hefur byrjað að nota þetta skilti en þrátt fyrir margar ábendingar til annarra veghaldara virðist þetta vefjast fyrir þeim. Einfalt er að bæta úr því.

Punktalínur og þríhyrningar yfir þveranir (myndir nr. 1 og 2): Punktalínur yfir þveranir má sjá á Snorrabraut í Reykjavík en Faxaflóahafnir urðu fyrst til að nota þær á Fiskislóð og þá með biðskylduþríhyrningum við bílastæði og götur sem víkja; sjá mynd nr. 1. Þetta má líka sjá á mynd nr. 2 sem ég tók nýlega í Hollandi. Þessar yfirborðsmerkingar mætti nota mun meira til að vekja athygli á hjólastígum.

Varúð í beygju því það eru stígar meðfram götu (mynd nr. 2): Þetta eru mjög fín skilti frá Hollandi, sjá mynd nr. 2, sem mikil þörf er á að nota á mörgum stöðum hér á Íslandi. Sjónrænt þá er rauða upphrópunarmerkið áberandi yfir myndinni af gangbrautinni (sem táknar gangbraut en líka gangandi jafnvel þó það sé ekki gangbraut, t.d. við inn-/útkeyrslu bílastæðis). Ég sá þetta víða á ferð minni í Hollandi nýlega; ekki alls staðar, en þar sem greinilega var þörf á að brýna bílstjóra að passa sig. Þetta skilti, í margskonar útgáfum, þarf nauðsynlega að taka upp í reglugerðir hér á landi; og svo t.d. raða þeim eftir endilöngu Borgartúninu.

Samantekt á þessum þremur merkingum má sjá á konseptinu á mynd nr. 3 sem er í grunninn hjólastígurinn á Álfabakka meðfram Garðheimum, sem er ómerktur í dag og stórhættulegur af ítrekaðri persónulegri reynslu. Þarna er vinstri-beygju útgáfa af *varúð-í-beygju* skiltinu þegar beygt er af götunni inn á bílastæðið og *umferð-frá-báðum-áttum* þegar farið er út af bílastæðinu; og einnig ferningar og þríhyrningar á yfirborði.

Áminning um 1,5 metra reglu (mynd nr. 4): Þessu skilti var ekki bætt við reglugerð um umferðarmerki þegar hún var uppfærð nýlega. Röksemdin var sú að reglan gildi

allsstaðar og því þyrfti ekki að vera með svona skilti í reglugerð því þá þyrfti að setja þetta skilti upp allsstaðar. Þetta meikar ekkert sens því það er fullt af skiltum í reglugerðinni sem einungis eru sett á álagsblettum eða þar sem sérstök þörf er á að brýna eitthvað fyrir vegfarendum eða vekja athygli þeirra á aðstæðum. Auk þess hafa siðaðar þjóðir á meginlandi Evrópu sett upp svona skilti víðsvegar þar sem sérstök þörf er á og er ekki sjáanlegt hvaða séríslensku aðstæður koma í veg fyrir það hér á landi. Dæmin á mynd nr. 4 eru frá Spáni. Svona skiltum þyrfti t.d. að planta í Mosfellsdalnum og eftir Mosfellsheiðinni til Þingvalla.

Hjólagötur (mynd nr. 5): Þetta er skrítnasta dæmið sem ég set fram því mynd nr. 5 er frá Elliðaárdalnum en þetta skilti er hvergi að finna í reglugerð um umferðarmerki og hugtakið *hjólagötur* er hvergi að finna í umferðarlögum. Það þarf að laga. Þetta skilti má svo nota á fleiri stöðum, t.d. í Traðarlandi svo dæmi sé tekið.

Saman hafa Samgöngustofa, Vegagerðin, Reykjavíkurborg, Kópavogsbær og aðrir veghaldarar alla þá vigt sem þörf er á til að koma þessu öllu í lög og reglur og fara svo að nota þetta. Sbr. mynd nr. 5 er meira að segja hægt að byrja að nota þetta og uppfæra svo lög og reglur..., en að gera þetta í réttri röð ætti að vera mjög fljótgert. Margir fulltrúar hjólréiðafólks eru tilbúnir til að setjast niður til skrafs og ráðagerða til að láta þetta raungerast hratt og vel.

BÓNUS (mynd nr. 6): Yfirborðsmerkingar fyrir hjólastíga eiga að vera grænar; sjá mynd nr. 6. Hvítt eru götumerkingar, blátt eru innviðir fatlaðra, og rautt sést illa í myrkri í margskonar götulýsingu sem er mikilvægt að hafa í huga á Íslandi. Grænt er það sem rannsóknir í Norður-Ameríku hafa sýnt að virkar best.